

c. Á eftir 2. tölul. kemur nýr töluliður, 3. tölul., og breytist númeraröð annarra töluliða til samræmis við það. Hinn nýi töluliður orðast svo:

*Barnaverndarnefnd.* Einn aðalmanng og einn til vara (í samvinnu við Arnarneshrepp, Skriðuhrepp, Öxnadalshrepp, Glæsibæjarhrepp, Eyjafjarðarsveit og Grýtubakkahrepp) skv. 6. gr. barnaverndarlaga nr. 58/1992.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 22. febrúar 2000.*

F. h. r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**

*Sesselja Árnadóttir.*

17. febrúar 2000

Nr. 132

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á samkomulagi milli Norður-Héraðs og Skútustaðahrepps um mörk sveitarfélaganna inn til landsins.

Á grundvelli 2. mgr. 3. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða við þau lög, hefur félagsmálaráðuneytið hinn 11. október 1999 staðfest samþykkt hreppsnefndar Norður-Héraðs frá 5. okóber 1999 og samþykkt hreppsnefndar Skútustaðahrepps frá 26. ágúst 1999 um mörk sveitarfélaganna inn til landsins, en samþykktirnar byggja á samkomulagi sem gert var 22. júlí 1997.

Til að ákvarða markalínuna voru notuð kort í mælikvarðanum 1:50 000 sem voru unnin og gefin út af kortagerðarstofnun bandaríska varnarmálaráðuneytisins og Landmælingum Íslands. Þetta eru eftirfarandi kortablöð:

Holuhraun, 2114 IV gert 1988, (C761)

Kverkfjöll, 2114 III gert 1990, (C761)

Snæhetta, 2113 IV gert 1990, (C761)

Þessi kortablöð hafa viðmiðunina Hjörsey 1955 og þverstæða Mercator kortavörpun. Samkvæmt samþykktunum verða mörk sveitarfélaganna á umræddu svæði með eftirfarandi hætti:

„Frá ármótum Svartár og Jökulsár á Fjöllum eru mörkin dregin eftir Jökulsá - yfir Dyngjujökul - vestan við Hveradali - inn á Vatnajökul í línu sem skiptir jöklinum.“

Markalína þessi hefur verið sett inn á kort 1:50 000 sem samsett er úr framangreindum þremur kortablöðum og staðfest af aðilum málsins.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 17. febrúar 2000.*

**Páll Pétursson.**

*Sesselja Árnadóttir.*